

haldið og að kaupmaður á Siglufirði hafi annazt reikningshaldið á Siglufirði.

Heimilisfesta gerðarþola í Neskaupstað verður því tæplega byggð á því, hvernig reikningsfærslu útgerðarinnar var hagað, þar sem hún virðist aðallega hafa farið fram utan Neskaupstaðar, og enda þótt framkvæmdarstjóri hafi verið búsettur í kaupstaðnum, virðast störf hans í sambandi við útgerð skipsins að mestu eða öllu hafa farið fram annars staðar. Þegar þess er nú gætt, að útgerð skipsins hafðist ekkert það að í Neskaupstað, er snertir veiðar skipsins, lítur rétturinn svo á, sem h/f Sæfinnur hafi ekki rekið heimilisfastan atvinnurekstur árið 1944 í kaupstaðnum, enda þótt hlutir félagsins hafi að meiru eða minna leyti verið á höndum búsettra manna þar.

Samkvæmt þessu fer hið umbeðna lögtak ekki fram.

Málskostnaður, en hans hefur verið krafizt af báðum aðiljum, fellur niður.

Rétt þykir að taka fram, að umboðsmaður gerðarþola hélt því fram undir rekstri málsins, að kveða þyrfti upp úrskurð um heimilisfang gerðarþola, sbr. lög nr. 95/1936, en þar sem hlutaðeigandi bæjarstjórn fór ekki þá leið, er ræðir um í 6. gr. nefndra laga, virðist hún hafa ætlað til þess, að fógetarétturinn úrskurði um þetta, sem hann og hefur vald til.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. marz 1948.

Nr. 15/1947. **Stefán Stefánsson** (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn

Þorleifi Sigurbjörnssyni

(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébóta krafizt vegna tjóns af völdum bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 17. febrúar þ. á. skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 1500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og atvikum máls þessa er háttað, verður að leggja fulla bótaábyrgð á stefnda vegna tjóns áfrýjanda, er hlaut af akstri stefnda, sbr. 1. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Telja verður, að í báðum kröfuliðum áfrýjanda felist krafa um bætur fyrir fjártjón. Eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um verð kálfa á þeim tíma, sem hér skiptir máli, þykja bætur fyrir fjártjón til handa áfrýjanda hæfilega metnar kr. 1300.00. Þá ber stefnda og að greiða vexti af þeirri fjárhæð, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1200.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þorleifur Sigurbjörnsson, greiði áfrýjanda, Stefáni Stefánssyni, kr. 1300.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. júní 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 1. þ. m., hefur stefnandi, Stefán Stefánsson bóndi, Fagraskógi, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 28. marz s. l., á hendur Þorleifi Sigurbjörnssyni bifreiðarstjóra, Glerárgötu 3, Akureyri, og gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða skaðabætur, að upphæð kr. 1500.00, ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða að mati réttarins. Umboðsmanni Almennra trygginga h/f hefur verið gert aðvart um málið til réttargæzlu, en engar kröfur gerðar á hendur honum.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik eru þau, að föstudaginn 8. júní 1945 ók stefndi bifreið sinni A 37, sem er fólksbifreið til mannflutninga, frá Akureyri til Dalvíkur, til þess að sækja fólk. Vegurinn liggur um túnið í Fagraskögi, og voru þrír kálfar þar á veginum. Stefndi kveðst hafa ekið með 40 km hraða, miðað við klukkustund, en hægt á sér, er hann nálgadist kálfana, og gefið hljóðmerki. Einn kálfanna stökk strax út af veginum, en hinir tveir hlupu undan bifreiðinni eftir veginum allt að 500 m vegalengd, en hlupu þá út af veginum beint niður að sjó og fram af klettum, sem þar eru. Heimamenn frá Fagraskögi, sem sáu til kálfanna, fóru strax á vettvang. Var annar kálfurinn þá dauður, en hinn mikið skaddaður, svo að honum varð að lóga. Stefndi kveðst hafa ekið með 10—15 km hraða, miðað við klukkustund, eftir kálfunum.

Stefnandi telur stefnda bera ábyrgð á því tjóni, er hann varð fyrir við missi kálfanna. Kálfarnir voru af góðu kyni, áttu að verða lífdýr og voru þriggja mánaða gamlir. Dýrasti tíminn af uppeldi þeirra, þ. e. sá tími, sem aðallega verður að fódra þá á mjólk, var liðinn. Beint tjón við missi kálfanna telur stefnandi kr. 1000.00. Óbeint tjón telur hann kr. 500.00, þ. e. það tjón, sem leiðir af drætti við að koma upp arðbærum gripum, ásamt bótum fyrir sársauka, er missir kálfanna með framangreindum hætti olli honum, en stefnandi hafði alið kálfana upp og þótti vænt um þá. Miðast stefnukrafan, kr. 1500.00, við upphæðir þessar.

Stefndi mótmælir því, að tjón þetta sé bótaskyldt af hans hendi. Stefnandi hafi látið kálfana ganga eftirlits- og vörzlulausa og ekki varnað því, að þeir væru á fjölförnum þjóðvegi í hættu vegna umferðar, auk þess sem umhverfið hafi verið hættulegt, þar sem sjávarhamrar voru skammt frá veginum. Stefnandi eigi því aðalsök á slysinu með hirðuleysi sínu, en stefndi hafi sýnt þá varúð og aðgát, sem atvikið gaf tilefni til. Byggir stefndi sýknukröfu sína á þessu.

Til vara krefst stefndi þess, að tjóninu verði skipt í hlutfalli við sök hvors um sig. Hann mótmælir því verði, er stefnandi leggur til grundvallar kröfu sinni, sem allt af háu. Þá mótmælir hann og kröfu stefnanda um 500.00 kr. bætur fyrir óbeint tjón og sársauka við missi gripanna.

Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi ekið ca. 500 m. vegalengd á eftir kálfunum, áður en þeir stukku út af veginum, og viðurkennir stefnandi það rétt. Þá hefur stefndi við aðiljayfirheyrslu fyrir dómi talið, að ökuhraðinn hafi verið 10—15 km, miðað við klukkustund. Þykir því verða að leggja atriði þessi til grundvallar í málinu.

Í 33. gr. lögreglusamþykktar fyrir Eyjafjarðarsýslu nr. 155 30. júní 1943 er svo kveðið á, að ef gripir hlaupi á undan bifreið eftir vegi, megi bifreiðin ekki aka á eftir þeim með meiri hraða en 10 km og eigi lengri leið en hálfan km í einu. Hefur stefndi því viður-

kennt að hafa ekið nokkru hraðar en heimilt er samkvæmt nefndri lögreglusamþykkt og því ekki sýnt fulla aðgát og varkárni, eins og atvikið gaf tilefni til. Þar sem ekki er leitt í ljós, að tjóni hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt fulla aðgát og varkárni, þykir stefndi hafa bakað sér bótaábyrgð samkvæmt 34. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23 1941, enda hefur hann viðurkennt, að tjónið hafi orðið af völdum notkunar á bifreiðinni.

Hins vegar þykir stefnandi einnig hafa sýnt nokkra óvarkárni með því að láta kálfana hafast við á ógirtu svæði hjá fjölförnum þjóðvegi í grennd við sjávarhamra. Þykir því eftir atvikum rétt að skipta tjóninu þannig, að stefnandi sjálfur beri helming þess.

Kemur þá til álita um upphæð tjónsins. Stefnandi hefur upplýst, að fyrst í stað þurfi að gefa kálfunum 5 ltr mjólkur á dag, en þegar frá liði, megi minnka skammtinn nokkuð og gefa mat í staðinn. Mjólkurverð til bænda á þessum tíma var ca. kr. 1.20 fyrir lítra. Þá þykir og mega reikna nokkra upphæð fyrir hirðingu kálfanna. Með hliðsjón af þessu þykir mega reikna uppeldis kostnað kálfanna kr. 550.00 á hvorn, en þar frá dregst niðurlagsverð þeirra, sem þykir hæfilega metið kr. 140.00 fyrir hvorn kálf. Beint tjón stefnanda hefur samkvæmt þessu numið kr. 820.00.

Kröfu stefnanda um bætur fyrir tjón vegna tafar á að koma upp arðbærum gripum og um bætur fyrir sársauka kr. 500.00 þykir í hóf stillt og verður tekin til greina að fullu.

Samkvæmt þessu hefur tjónið numið samtals kr. 1320.00. Af þeirri upphæð ber að dæma stefnda til að greiða helming, þ. e. kr. 660.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags og kr. 200.00 upp í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Þorleifur Sigurbjörnsson, greiði stefnanda, Stefáni Stefánssyni, kr. 660.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 28. marz 1946 til greiðsludags og kr. 200.00 upp í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. marz 1947.

Nr. 17/1947 Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs

gegn

Guðmundi Magnússyni.

Útivistardómur.

Dómur hæstaréttar.

Með því að áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, hefur ekki látið mæta í málinu, fellur málssókn þessi niður.